

2. tbl.

29. jan. 2026

33 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386

LEIKSKÓLINN KRÍLABÆR Á LAUGUM AUGLÝSIR EFTIR DEILDARSTJÓRA

ATVINNA



Langar þig að verða faglegur leiðtogi og hafa mikil áhrif á starf deildarinnar?
Langar þig að vinna með leikskólabörnum í dásamlegri náttúru og útsýni til allra átta?
Langar þig að hafa góðan tíma fyrir sérhvert barn á deildinni þinni?
Leikskólinn Krílabær býður upp á alla þessa möguleika!

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ

- Vinna að uppeldi og menntun leikskólabarnanna í samræmi við stefnu skólans.
- Skipuleggja starf deildarinnar og annast daglega verkstjórn.
- Vinna í nánu samstarfi við foreldra/forráðafólk nemenda.
- Taka þátt í samstarfi við ýmsar stofnanir og sérfræðinga sem tengjast leikskólanum í samráði við leikskólastjóra.
- Taka þátt í vinnu við gerð skólanámskrár, ársáætlunar og innra mat undir stjórn leikskólastjóra.

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Leikskólakennaramenntun eða önnur uppeldisfræðimenntun sem nýtist í starfi
- Virðing fyrir börnum og sjálfsprottnum leik þeirra
- Mikil færni í samskiptum
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátt, að hafa náð amk þrepi C1 í íslensku
- Stundvísi og samviskusemi

Leikskólinn Krílabær á Laugum í Reykjadal er hluti af Þingeyjarskóla sem er samrekin leik- og grunnskóli á tveimur starfsstöðum í Þingeyjarsveit. Í skólanum er unnið eftir stefnunni um jákvæðan aga, áhersla lögð á sjálfsprottn leik barnanna, tækifæri þeirra til listsköpunar úr margvíslegum efni við og útveru í fjölbreyttri náttúru umhverfis skólann. Sjá nánar á thingeyjarskoli.is.

Aðstoð við að finna húsnaði í nágrenni leikskólans í boði. Við leitum að kennara með þekkingu og reynslu af leikskóla-stiginu. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst, eða eftir nánara samkomulagi.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags. Gerð er krafa um hreint sakavottorð.

UMSÓKNIR OG FYRIRSPURNIR UM STARFIÐ:

Nanna Marteinsdóttir, skólastjóri:

nanna@thingeyjarskoli.is - 464-3590 / 898-0790

Með umsókn skal fylgja ferilskrá, afrit af leyfisbréfi, hreint sakavottorð, kynningarbréf og upplýsingar um meðmælendur.

STARFSLUTFALL
80-100 %

FRESTUR:
10. FEBRÚAR

Hlaupastelpan

Hlaupastelpan er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins,
Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

hlaupastelpan@isl.is

Verðskrá:

*Hálfsíðuauglýsing
heilsíðuauglýsing*

*kr. 4.600.- m.vsk
kr. 6.620.- m.vsk.*

Hlaupastelpunar er að finna á :

<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>
hlaupastelpan@isl.is



Reykjahlíðarkirkja

Bæn og kaffi

Næstkomandi sunnudag, 1. febrúar, klukkan 10:00 verður
stutt bæanastund í Reykjahlíðarkirkju.

Á eftir verður boðið upp á kaffi og léttar veitingar.

Njótum þess að hittast og spjalla.

Sóknarnefnd.